

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Zavedos 1 mg/ml stungulyf, lausn

ídarúbisínhydróklóríð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækninn eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Zavedos og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Zavedos
3. Hvernig nota á Zavedos
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Zavedos
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Zavedos og við hverju það er notað

Zavedos er lyf við hvítblæði.

Zavedos hemur vöxt krabbameinsfrumna (krabbameinslyf).

Nota má Zavedos ásamt cýtarabíni til meðferðar á börnum við bráðu mergfrumuhvítblæði.

2. Áður en byrjað er að nota Zavedos

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Zavedos ef

- um er að ræða ofnæmi fyrir ídarúbisíni, öðrum krabbameinslyfjum (öðrum antrasýklínum eða antrasendíónum) eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- þú ert með mikið skerta lifrarstarfsemi.
- þú ert með mikið skerta nýrnastarfsemi.
- þú ert með alvarlegan hjartasjúkdóm.
- þú hefur nýlega fengið blóðtappa í hjarta.
- þú ert með mjög óreglulegan hjartslátt.
- þú ert með beinmergsbælingu.
- þú hefur áður fengið meðferð með mjög stórum skömmtum af krabbameinslyfjum (t.d. antrasýklínum og svipuðum lyfjum, doxórúbisíni, daunórúbisíni, epirúbisíni, idarúbisíni).
- þú ert með barn á brjósti – ráðfærðu þig við lækninn.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Þegar teknar eru blóðprufur hjá þér eða þú þarft að skila þvagprufu skaltu ávallt láta vita að þú sért á meðferð með Zavedos. Meðferðin getur haft áhrif á niðurstöður rannsóknanna.

Meðan á meðferð með Zavedos stendur, þarf að taka reglulega hjá þér blóðprufur til rannsókna. Rannsókn verður gerð á lifra-, nýrna- og hjartastarfsemi hjá þér áður en meðferð hefst og meðan á meðferð stendur. Börn eru næmari fyrir áhrifum ídarúbisíns á hjarta og því á að fylgjast lengur með hjartastarfsemi þeirra.

Láttu lækninn eða hjúkrunarfræðing vita ef þú færð eða hefur nýlega fengið meðferð með trastuzumabi (lyf sem er notað til meðferðar við ýmsum tegundum krabbameins). Trastuzumab getur verið til staðar í líkamanum í allt að 7 mánuði. Trastuzumab getur haft áhrif á hjartastarfsemi og því á ekki að nota Zavedos í allt að 7 mánuði eftir að meðferð með trastuzumabi er hætt. Ef Zavedos er notað áður en 7 mánuðir eru liðnir frá meðferðinni á að fylgjast vandlega með hjartastarfsemi þinni.

Ráðfærðu þig við lækninn áður en þú færð Zavedos ef þú:

- ert með eða hefur áður verið með hjartasjúkdóm.
- hefur áður fengið geislameðferð á brjóstkassann.
- hefur áður fengið meðferð með krabbameinslyfjum (antrasýklínum eða antrasendíónum).
- hefur áður fengið önnur krabbameinslyf og ert enn með alvarlegar aukaverkanir.
- tekur hjartalýf.

Hafðu strax samband við lækni eða heilbrigðisstarfsfólk ef þú færð:

- verki í kringum stungustaðinn.
- andþyngsli, hósta, verki eða óþægindi fyrir brjósti, bólgnu fætur eða ökkla.
- verki eða bólgu í fótleggi eða handleggi vegna æðabólgu með myndun blóðtappa.
- mjög hraðan, mjög hægjan og/eða mjög óreglulegan hjartslátt.
- minnkuð þvaglát (minna þvagmagn).
- vökva í kviðarhol.
- hita, sýkingar, þreytu, fölva og blæðingar frá húð og slímhúðum.
- háan hita, kuldaþroll, almennan slappleika, hugsanlega kalda handleggi og fótleggi vegna blóðeitrunar.
- munnbólgu, verki við að kyngja, verki í maga, uppköst og niðurgang, hugsanlega blóðugan, vegna bólgu eða sára í vélinda, maga eða þörmum.
- almennan slappleika, ógleði, uppköst og minnkuð þvaglát, hugsanlega þvagteppu, þar sem hratt niðurbrot krabbameinsvefja getur valdið bráðri nýrnabilum.

Aukaverkanir á hjartað með andþyngslum, hósta, verkjum eða óþægindum fyrir brjósti, mjög hægum eða hröðum og hugsanlega óreglulegum hjartslætti, bólgnum fótum eða ökklum geta komið fram allt að 2-3 mánuðum eða síðar eftir meðferð með Zavedos. Hafðu samband við lækni, hjúkrunarfræðing eða lyfjafræðing.

Zavedos getur valdið ógleði og uppköstum auk sviðatilfinningar í munni og vélinda. Flestum sjúklingum líður betur á 3. viku meðferðar.

Ekki má bólusetja þig með lifandi eða veikluðu bóluefni meðan á Zavedos meðferð stendur eða stuttu eftir að henni lýkur, vegna hættu á alvarlegum og lífshættulegum sýkingum. Ráðfærðu þig við lækninn.

Zavedos getur haft áhrif á frjósemi hjá körlum. Ráðfærðu þig við lækninn um möguleika á geymslu sæðis áður en meðferð hefst. Bæði karlar og konur þurfa að nota öruggar getnaðarvarnir (sjá kaflann „Meðganga, brjóstagjöf og frjósemi“).

Ef þú vilt eignast börn eftir að meðferð með Zavedos lýkur skaltu ræða við lækninn um hvaða kostir standa þér til boða.

Þvagið hjá þér getur orðið rauðlitað eftir meðferð með Zavedos.

Notkun annarra lyfja samhliða Zavedos

Látið lækninn eða hjúkrunarfræðinginn vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð. Þetta á einnig við um lyf sem fengin eru án lyfseðils, keypt í útlöndum, náttúruylf, vítamín og steinefni.

Ráðfærðu þig við lækninn ef þú notar:

- krabbameinslyf (t.d. flúoróúrasíl, sýklófosfamíð, cisplatín, taxön).
- hjarta- eða blóðþrýstingslyf (kalsíumgangeloka).

- blóðþynningarlyf.
- lyf sem eru notuð eftir líffæraígræðslu, lyf við nýrnasjúkdómi, lyf við erfiðum tilvikum af psoriasis og lyf við öðrum húðsjúkdómum ásamt liðagigt (cíklósporín A).

Ef þú hefur fengið geislameðferð á síðustu 2 vikum eða ert enn í geislameðferð getur Zavedos haft mikil áhrif á beinmerg hjá þér.

Ekki má bólusetja þig með lifandi eða veikluðu bóluefni meðan á meðferð með Zavedos stendur eða stuttu eftir að henni lýkur, vegna hættu á alvarlegum og lífshættulegum sýkingum. Ráðfærðu þig við lækinn.

Önnur lyf geta haft áhrif á verkun Zavedos og Zavedos getur haft áhrif á verkun annarra lyfja. Þetta hefur venjulega enga raunverulega þýðingu. Spyrðu lækinn eða hjúkrunarfræðinginn ef þú þarfnast frekari upplýsinga.

Meðganga, brjóstgjöf og frjósemi

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Meðganga

Forðast skal þungun meðan þú eða maki þinn færð meðferð með Zavedos. Zavedos getur skaðað ófætt barn, svo mikilvægt er að láta lækinn vita ef þú heldur að þú sért þunguð.

Getnaðarvarnir hjá konum á barneignaraldri

Konur ættu ávallt að nota örugga getnaðarvörn á meðan þær fá Zavedos og í a.m.k. 6,5 mánuði eftir að meðferð er lokið. Ræddu við lækinn um hvaða getnaðarvarnir henta þér og maka þínum.

Getnaðarvarnir hjá körlum

Karlar ættu ávallt að nota örugga getnaðarvörn á meðan þeir fá Zavedos og í a.m.k. 3,5 mánuði eftir að meðferð er lokið.

Brjóstgjöf

Þú mátt ekki gefa brjóst meðan þú færð Zavedos og í a.m.k. 14 daga eftir að þú færð síðasta skammt af lyfinu, þar sem hluti lyfsins getur borist í brjóstamjólki og hugsanlega skaðað barnið.

Frjósemi

Bæði karlar og konur ættu að leita ráða varðandi varðveislu frjósemi áður en meðferð hefst.

Akstur og notkun véla

Zavedos getur valdið aukaverkunum (ógleði og uppköstum) sem í meiri eða minni mæli geta haft áhrif á öryggi við vinnu og hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Zavedos

Læknirinn getur sagt þér hvaða skammta þú færð og hversu oft. Ef þú ert ekki viss leitaðu þá upplýsinga hjá læknum eða hjúkrunarfræðingnum. Aðeins læknirinn má breyta skömmtum.

Ráðlagður skammtur er

Skammtur er einstaklingsbundinn og fer eftir sjúkdómsástandi.

Zavedos er gefið með inndælingu í bláæð. Venjulega er það læknir eða hjúkrunarfræðingur sem gefur þér lyfið. Inndælingin tekur 5 – 10 mínútur og er gefin daglega í 2 – 5 daga.

Notkun handa börnum

Skammtur er einstaklingsbundinn og fer eftir sjúkdómsástandi barnsins.

Skert nýrna- og lifrarstarfsemi

Ef til vill þarf að breyta skammtinum. Spyrðu lækinn.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Hafðu samband við lækinn eða hjúkrunarfræðing ef þú telur að þú hafir fengið of stóran skammt af Zavedos. Einkenni ofskömmtnar samsvara sumum einkennanna sem skráð eru í kaflanum „Hugsanlegar aukaverkanir“ en í alvarlegri mæli, t.d.

- Blæðingar frá húð og slímhúðum, hiti, sýkingar, hálsbólga.
- Andþyngsli, hósti, verkir í brjósti, hraður hjartsláttur og bjúgur á fótleggjum vegna hjartabilunar. Getur komið fram skyndilega eða mörgum mánuðum eftir ofskömmtnun.

Ef grunur leikur á ofskömmtnun verður þú lagður/lögð inn á sjúkrahús.

Ef gleymist að nota Zavedos

Spyrðu lækinn eða hjúkrunarfræðinginn ef þú telur að skammtur hafi gleymst.

Ef hætt er að nota Zavedos

Hafðu samband við lækinn ef þú óskar eftir því að gert sé hlé á Zavedos meðferð eða henni hætt.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur Zavedos valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum. Aukaverkanir eru þær sömu hjá börnum og fullorðnum, en börn geta verið næmari fyrir áhrifum á hjarta.

Alvarlegar aukaverkanir sem þú eða aðstandandi þinn verðir að bregðast tafarlaust við

Ef þú færð alvarlegar aukaverkanir skaltu strax hafa samband við lækinn eða hjúkrunarfræðinginn. Ef þú færð alvarlegar aukaverkanir eftir að þú ert útskrifaður/útskrifuð skaltu strax hafa samband við lækinn eða bráðamóttöku. Hringið e.t.v. í 112.

Mjög algengar aukaverkanir (koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10):

- Blæðingar frá húð og slímhúðum og marblettir vegna breytinga á blóðmynd (of fáar blóðflögur). Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku.

Algengar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1-10 af hverjum 100):

- Viðvarandi alvarleg hjartabilun, þrýstingur fyrir brjósti, andþyngsli, hósti, bólgnir fótleggir.
- Skert hjartastarfsemi sem greinist við reglubundna skoðun á hjartanu.
- Blæðing í meltingarvegi með svörtum eða blóðugum hægðum og/eða blóðugum uppköstum.
- Alvarlegar blæðingar.
- Verkir og bjúgur í fótleggjum vegna æðabólgu með myndun blóðtappa. Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku.

Sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1-10 af hverjum 1.000):

- Andnað, hræðsla, brjóstverkur með verk sem leiðir upp í háls eða út í handleggi vegna blóðtappa í hjarta. Hringið í 112.
- Niðurgangur, slím og blæðing frá endaparmi vegna ristilbólgu.
- Miklir verkir og slæm almenn líðan vegna alvarlegrar ristilbólgu með blóðugum niðurgangi og hugsanlega gati á ristli.
- Hár hiti, kuldaþrollur, almennur slappleiki, hugsanlega kuldi á handleggjum og fótleggjum vegna blóðeitrunar. Hafið samstundis samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringið e.t.v. í 112.
- Hvítblæði. Getur lýst sér með mikilli þreytu og tilhneigingu til blæðinga og sýkinga. Getur komið fram mörgum árum eftir meðferð.

- Hraður hjartsláttur og öndunarerfiðleikar, fölvi og kaldur sviti (lost). Hafið samstundis samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringið e.t.v. í 112.
- Yfirið. Hafið samstundis samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringið e.t.v. í 112.
- Vefjadrep vegna dreifingar Zavedos í vefi í kringum stungustaðinn.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1-10 af hverjum 10.000):

- Lömun, talörðugleikar, meðvitundarleysi vegna heilablæðingar. Hringið í 112.

Aukaverkanir sem örsjaldan koma fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000):

- Andþyngsli, verkir í brjósti sem leiða út í handleggi eða upp í háls, miklir kviðverkir, lömun, snertiskynstruflun, talörðugleikar, verkir og hugsanlega bólgur handleggir eða fótleggir vegna blóðtappa. Hafið samstundis samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringið e.t.v. í 112.
- Skyndileg húðútbrot, öndunarerfiðleikar og yfirið (innan mínútna til klukkustunda) vegna ofnæmis (bráðaofnæmisviðbragð). Getur verið lífshættulegt. Hringið í 112.
- Mjög hægur hjartsláttur. Tilhneiging til yfiriðs. Hafið samstundis samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringið e.t.v. í 112.
- Hiti, verkir í brjósti, andþyngsli, hósti, bjúgur í fótleggjum vegna bólgu í gollurshúsi eða hjartavöðva. Hafið samstundis samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringið e.t.v. í 112.

Aukaverkanir af óþekktri tíðni

- Almennur slappleiki, fölvi, blæðingar frá húð og slímhúð, mar ásamt tilhneingingu til bólgu (sýkingar) sérstaklega hálsbólga og hiti vegna breytinga í blóði (of fá rauð og hvít blóðkorn og blóðflögur). Hafið samstundis samband við lækni eða bráðamóttöku.
- Hratt niðurbrot krabbameinsvefjar, sem getur valdið bráðri nýrnabilun.

Aukaverkanir sem ekki eru alvarlegar

Mjög algengar aukaverkanir (koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10):

- Almennur slappleiki, tilhneiging til bólgu (sýkingar), einkum hálsbólgu og hita, vegna breytinga á blóðmynd (of fá hvít blóðkorn). Getur orðið alvarlegt. Hafðu samstundis samband við lækni ef þú færð hita.
- Fölvi og þreyta vegna blóðskorts. Getur verið eða orðið alvarlegt. Ráðfærðu þig við lækinn.
- Ógleði, uppköst, munnbólga, niðurgangur, magaverkur eða sviðatilfinning.
- Sýking (bólga).
- Höfuðverkur.
- Kuldahrollur.
- Þvag verður rautt.
- Lystarleysi.
- Hármisur.

Algengar aukaverkanir (koma fyrir hjá fleiri en 1-10 af hverjum 100):

- Hægur hjartsláttur. Getur orðið alvarlegt. Hafðu samband við lækni eða bráðamóttöku ef þú færð mjög hægum hjartslátt og vanlíðan eða þú fellur í yfirið. Hringið e.t.v. í 112.
- Hraður hjartsláttur. Getur orðið alvarlegt. Hafðu samband við lækni eða bráðamóttöku ef þú færð mjög hraðan hjartslátt og/eða óreglulegan hjartslátt og þér líður illa eða það líður yfir þig. Hringið e.t.v. í 112.
- Kviðverkur.
- Útbrot, kláði, breytingar í húð á þeim stað sem þú hefur fengið geislameðferð.

Sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1-10 af hverjum 1.000):

- Þorsti, almennur slappleiki, hraðari hjartsláttur, sundl, yfirið vegna vökvaskorts og ofþornunar. Mikill vökvaskortur er alvarleg aukaverkun. Hafið samband við lækni.
- Sársauki undir brjóstbeininu, nábítur, kyngingarerfiðleikar vegna bólgu í vélinda.
- Litabreyting á húð og nögglum.
- Ofsakláði.

Aukaverkanir sem örsjaldan koma fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000):

- Ógleði, erting, verkir eða óþægindi frá efri hluta maga. Hjá sumum getur þetta orðið að magasári

- sem er alvarleg aukaverkun. Ráðfærðu þig við lækinn.
- Roði.
- Roði í húð á höndum og fótum.

Að auki getur Zavedos valdið aukaverkunum sem þú verður venjulega ekki var/vör við. Um er að ræða breytingar á ákveðnum rannsóknarniðurstöðum, t.d. blóðprufum (hækkuð lifrargildi, aukið magn þvagsýru í blóði) og breytingar á hjartalínuriti.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Zavedos

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið lyfið í kæli, 2 – 8°C í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Zavedos inniheldur

Virka innihaldsefnið er ídarúbisínihýdróklóríð 1 mg/ml.

Önnur innihaldsefni eru glýceról, sæft vant og saltsýra til að stilla pH.

Lýsing á útliti Zavedos og pakkningastærðir

Útlit

Zavedos stungulyf er tær, rauð-appelsínugul lausn.

Pakkningastærðir

Litlaust pólýprópýlen hettuglas með teflón eða Fluro-Tec Plus brómóbútyltappa sem er innsiglaður með afrífanlegri álhettu.

Umbúðir með 5 ml, 10 ml eða 20 ml hettuglasi.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi:

Markaðsleyfishafi

Pfizer ApS, Lautrupvang 8, 2750 Ballerup, Danmörk.

Framleiðandi:

Pfizer Service Company bvba, Hoge Wei, 10, B-1930 Zaventem, Belgía.

Umboð á Íslandi:

Icepharma hf., Lynghálslí 13, 110 Reykjavík.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í apríl 2023.

Eftirfarandi upplýsingar eru eingöngu ætlaðar heilbrigðisstarfsmönnum:

Leiðbeiningar fyrir starfsmenn varðandi örugga meðhöndlun

Fylgja skal stöðluðum vinnureglum um meðhöndlun æxlishefjandi lyfja.

Undirbúningur og varúðarráðstafanir:

- Zavedos skal aðeins meðhöndlað af einstaklingum sem eru þjálfaðir í meðhöndlun æxlishefjandi lyfja.
- Zavedos skal ekki meðhöndlað af þunguðum konum.
- Undirbúa skal Zavedos í LAF-bekk (með lóðréttu loftstreymi).
- Hlífa skal borði með plasthúðuðum, rakadrægum einnota pappír.
- Nota skal hlífðarhanska og slopp. Ef LAF-bekkur er ekki til staðar, skal nota hlífðargrímu yfir nef og munn, andlitshlíf og hlífðargleraugu.
- Hugsanlegu lofti og umframvökva í sprautunni má sprauta af varúð í sæfða sárgrisju fyrir gjöf.
- Ef lyfið skvettist eða lekur niður skal þrifa það með 1% natríumhýpóklórítlausn eða með fosfatstuðpúða (buffer) (pH >8) til að aflita lausnina. Meðhöndla skal allar hreingerningarvörur, sem komist hafa í snertingu við stungulyfið, sem áhættuúrgang (sjá Förgun).
- Ef stungulyfið kemst í snertingu við húð, skal þvo húðina vandlega með sápu og vatni. Zavedos hefur sterka eiturvirkni á vefi og getur valdið skaða á óvarinni húð.
- Ef lausn berst í augu skal skola með vatni eða sæfðri natríumklóríðlausn, því næst skal hafa samband við augnlækni.
- Ávallt skal þvo hendur eftir að farið er úr hlífðarhönskum.

Lyfjagjöf

Zavedos skal gefa sem inndælingu í bláæð, helst í miðlægum hollegg, á 5-10 mínútum um slöngu, samhliða innrennsli 9 mg/ml natríumklóríðlausnar eða 5% glúkósalausnar. Bein inndæling (direct push injection) er ekki ráðlögð vegna hættu á að lyfið berist út úr æð en það getur gerst jafnvel þótt blóð hafi verið dregið upp í holnálina eftir ástungu.

Þynning:

Zavedos má þynna með 9 mg/ml natríumklóríðlausn eða 5% glúkósalausn.

Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda Zavedos við basískar lausnir þar sem blöndunin getur leitt til niðurbrots ídarúbisíns. Ekki má blanda Zavedos við heparín vegna hættu á útfellingu. Ekki er ráðlagt að blanda tilbúinni lausn við önnur lyf.

Geymsla:

Fyrir þynningu:

Geymið í kæli (2–8°C). Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi.

Eftir þynningu:

Þynnna lausn á að nota tafarlaust eftir blöndun og á innrennsli að vera lokið í síðasta lagi 24 klukkustundum eftir blöndun.

Förgun:

Öll áhöld, sem hafa komist í snertingu við stungulyfið (hlífðarhanskar, lykjur og þess háttar), skal meðhöndla sem áhættuúrgang og skal farga í samræmi við gildandi reglur um æxlishefjandi lyf.